

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014, Kúagerði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. janúar 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014 frá 16. nóvember 1994.

Breytingin felst í efnistöku úr námu í Kúagerði í jaðri Afstapahrauns.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Vatnsleysustrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 10. janúar 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*